



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat	4
2.1	Rauðaland	4
2.2	Gulaland	10
2.3	Bláaland	16
2.4	Smálönd	20
2.5	Undraland	27
2.6	Álfaland	32
2.7	Furðuland	38
2.8	Dvergaland	43
3	Umbótaáætlun 2024-2025	49
4	Innra mat sérkennslu	49
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	53
6	Áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn	56
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	56
8	Fylgiskjöl	56





1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 var farsælt og gefandi en um leið krefjandi eins og leikskólalífið er almennt. Barnahópurinn samanstóð af 164 einstaklingum með margskonar þarfir. Starfsmenn leikskólans eru um fimmtíu, á aldrinum 18 – 65 ára og endurspeglar fjölbreytileika borgarbúa.

Í leikskólanum starfar frábært og drífandi starfsfólk sem lætur dagana ganga upp jafnvel þó að á móti blási. Starfsfólkið starfar af fagmennsku, hefur frumkvæði og metnað fyrir starfi með börnum. Starfið með börnum gekk vel og áhersla var lögð á leikinn sem námsleið, læsi og útinám.

Markviss málörvun, bókalestur, flæðilestur og vinna með Lubbi finnur málbein skipar fastan sess í leikskólastarfinu í Langholti.

Foreldrasamstarfið gekk vel og við búum svo vel að vera með virkt foreldrafélag og foreldraráð sem við erum í góðum samskiptum við. Niðurstöður foreldrakönnunar sína að foreldrar eru almennt ánægðir með starfið í Langholti.

Áskoranir í húsnæðismálum voru í byrjun skólaársins sem settu svip sinn á leikskólalífið. Framkvæmdum á eldhúsi lauk í nóvember þegar við fengum loksins frábært eldhús í öðru húsinu. Á vorönn hófust framkvæmdir í yngra húsinu þar sem ein deild var tekin í gegn. Smálönd voru klædd að utan og skipt var um þak.

Í upphafi skólaársins hófum við vinnu á nýrri námsskrá leikskólans en þeirri vinnu er ekki lokið.

Ný námsskrá verður því gefin út á næsta skólaári og unnið að innleiðingu Reggio Emilia í samvinnu með Björtuhlíð, Vinagerði og Sunnuási.

Gerð var læsisáætlun í samvinnu með öðrum leikskólum í Norðurmiðstöð.

Þrátt fyrir að leikskólastarfið hafi gengið nokkuð vel eru helstu áskoranir okkar eins og áður skortur á faglærðu starfsfólki og veikindi starfsmanna. En með góðri samstöðu og sveigjanleika starfsfólks tókst þó að vinna faglegt starf í Langholti og því þakka ég góðu stjórnendateymi og öllum starfsmönnum leikskólans.



2 Innra mat

2.1 Rauðaland

Það var töluverð hreyfing á barnahópnum í vetur en við byrjuðum með 13 börn í haust, 6 fædd 2022 og 7 fædd 2023 en enduðum með 11 börn, 2 fædd 2022 og 9 fædd 2023.

Læsi/málörvun

Málörvun er hluti af öllu daglegu starfi hjá okkur og við nýtum öll tækifæri t.d. í leik, við matarborðið, á skiptitímum og í fataklefanum. Við erum mjög meðvituð um að setja orð á allar athafnir og endurtaka rétt það sem börnin eru að segja. Þannig erum við góðar málfyrirmyndir og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn.

Við skiptum börnunum í tvo hópa í samverustundum og erum með tvær samverustundir á dag þar sem við erum að syngja, spjalla saman og lesa bækur. Allar samverustundir byrja á því að fara yfir Lubbamálhljóðið og syngja lagið sem tilheyrir því. Við erum með samverukassa sem er ætlaður fyrir samverustundir en þar eru t.d. bækur og lagalistar til að nýta sér. Samverustundir nýtum við líka m.a. í að læra að telja, teljum hvað margir eru í samveru, teljum fingurna og tærnar. Við lærum hvar augun okkar eru, nef, eyru, munnur, olnbogi, hné, haka, enni, axlir o.fl.

Annars erum við að lesa og skoða bækur með börnunum öðru hvoru yfir daginn alla daga. Þegar tími gefst yfir daginn grípum við tækifærið og setjumst niður í lestrarstund þar sem börnin hafa kost á því að koma og vera með ef þau vilja. Sum geta setið og hlustað á hverja bókina á fætur annarri á meðan önnur endast stutt en það er líka bara allt í lagi því þessar stundir eru hugsaðar þannig að börnin ráða sjálf hvort þau eru með og hversu lengi þau eru.



Strax í haust kynntumst við öll Lubba enda er hann alltaf inni á deild og börnin fá að vera með hann eins og þau vilja. Við tókum hvert málhljóð fyrir í tvær vikur í senn og hefur það gengið mjög vel. Börnin eru ótrúlega fljót að læra lögin og dugleg að syngja þau. Við erum með málhljóðaspjöld sem sem hanga uppi á vegg en þar getum við séð málhljóðið sem við erum að vinna með og þau sem við erum búin að læra. Á spjöldunum er líka textinn við lögin og myndir af hlutum sem eiga viðeigandi staf. Við nýtum okkur málhljóðaspjöldin líka t.d. til þess að klappa atkvæði hlutanna sem á þeim eru.



Við erum smám saman að vinna í því að festa tákn með tali í sessi hjá okkur og erum með tákn tengd matartímanum við matarborðið og tákn tengd útiveru í fataklefanum.



Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar svo þau geta skoðað þær eins og þau vilja og þau hafa mikinn áhuga á því.

Eftir áramót fengu börnin að taka litla Lubba með sér heim eina helgi. Honum fylgir taska með möppu þar sem hægt er að skrá niður hvað var gert með honum og stundum fylgdu myndir með. Þegar börnin komu aftur með Lubba eftir helgina fórum við yfir það með þeim hvað þau gerðu og þau fá því að sýna og segja sjálf frá. Skráningin fer svo í ferilmöppuna.



Styrkleikar:

Við erum mjög dugleg að lesa fyrir börnin daglega, bæði fyrir hópa og eins fyrir einn og einn og við finnum að það hefur skilað sér í auknum bókaáhuga í barnahópnum. Lubbavinnan hefur líka gengið mjög vel og við dugleg að leggja inn málhljóðin og syngja lögin.

Tækifæri til úrbóta:

Við mættum vera duglegri með skráningar í starfinu og bæta okkur í að nota tákn með tali í daglegu starfi.

með veðrinu og hvernig best er að klæða sig eftir því. Við fylgjumst með fuglum og flugvélum, skoðum trén í garðinum og leitum að ornum svo eitthvað sé nefnt.



Áður en við leggjum af stað í ferðir ræðum við saman um það sem við erum að fara að gera, förum yfir veðrið og hvernig við þurfum að klæða okkur og nýtum tækifærið til að nota tákn með tali þegar við förum yfir klæðnaðinn.

Styrkleikar:

Við förum út að leika alla daga og látum veðrið ekki stoppa okkur, kennum börnunum að njóta útiveru í allskonar veðri. Við erum til staðar fyrir þau, fylgjumst með og sjáum til þess að allir fái tækifæri til að njóta sín í útiveru.

Það urðu fljótt töluverðar breytingar á deildinni, barnahópurinn yngdist talsvert og við náðum ekki að hafa útinámið eins og við höfðum stefnt að í upphafi vetrar. Við gerðum því okkar besta til að aðlaga okkur að því og í staðinn fyrir að vera með fyrir fram ákveðnar ferðir og fasta hópa nýttum við tækifærin þegar þau gáfust og förum með litla hópa í stuttar gönguferðir öðru hvoru.

Tækifæri til úrbóta:

Skipuleggja útinámið enn betur og vera með fyrir fram ákveðin verkefni þegar líður á, gera skráningar jafnóðum.



Umbótaþáttur/ matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig er metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að útinám verði fastur liður í starfinu.	Skipuleggja útinámið fyrirfram um haustið og aftur eftir áramót.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum.	Þegar aðlögun er lokið og út veturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Skráningar á útináminu.	Að börnin njóti sín í útiveru í allskonar veðri. Aukinn áhugi og úthald í útinámi og útiveru.

Íslenska sem annað mál

Við erum mjög meðvituð um að setja orð á alla hluti og athafnir og nýtum allar stundir (fataklefi, matartíminn, skiptitímar). Við reynum að vera skýr í tali, endurtökum á réttan hátt og gefum einföld og skýr fyrirmæli. Í fataklefanum eru fánar landanna uppi og kveðjur á þeirra tungumáli.

Styrkleikar:

Við nýtum öll tækifæri í daglegu starfi til að vinna að því að auka orðaforða barnanna og þau fá því stöðuga málörvun yfir daginn, lærum máhljóðin hans Lubba, syngjum mikið og lesum. Við erum með auka málörvunarstundir fyrir þá sem þurfa og höfum bætt okkur í skráningum á þeim.

Tækifæri til úrbóta:

Við mættum nýta okkur myndrænt skipulag betur, ákveða hvernig við ætlum að vinna markvisst með það í daglegu starfi með börnunum og hvernig við getum nýtt okkur það í einstaklingsvinnu með þeim sem þess þurfa. Við getum bætt okkur enn betur í skráningum og fest 10 mínútna regluna í sessi





Umbótaþáttur/matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímaáætlun	Hvernig er metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulagðar málörvunar-stundir og skráning á þeim. 10 mínútna reglan og skráning á því.	Skipuleggja málörvunar-stundir, hvenær þær eru og hvað á að vinna með. Skrá niður Að festa 10 mínútna regluna í sessi og skrá niður.	Gera skráninguna skilvirka og virkja allt starfsfólk deildarinnar í að vinna að þessum þáttum	Deildarstjóri ber ábyrgð en allt Starfsfólk deildarinnar vinnur saman að markmiðum	Þegar aðlögun er lokið og útveturinn	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út	Að öll börn njóti sín og skilji það sem fram fer. Að þau verði ófeimin við að tjá sig. Að öryggi þeirra og málproski aukist



2.2 Gulaland

Á þessu námsári voru sautján börn á Gulalandi öll fædd árið 2022. Á deildinni voru fimm stelpur og tólf strákar. Í mars hættu 2 börn hjá okkur og fóru yfir á Álfaland.

Læsi

Á Gulalandi vinnum við með Málhljóð Lubba. Hvert málhljóð er tekið í 2 vikur. Á morgnana er tekin 1 sameiginleg lubbastund á hverjum degi, á sama tíma er farið yfir dagskipulagið myndrænt.

Eftir áramót byrjuðum við að senda Lubba heim með hverju barni yfir helgi. Foreldrar skrifa svo hvað þau gerðu saman um helgina. Sumir setja svo myndir með, sem er rosalega skemmtilegt. Á mánudeginum koma þau með lubba og skráningarblaðið. Í samverustund þann daginn fær barnið að setja á stól við hliðin á kennara með Lubba og segir krökkunum frá einhverju sem þau gerðu um helgina með Lubba. Kennarinn les svo blaðið og barnið labbar um og sýnir öllum myndir eða skráningarblaðið. Þessar stundir eru mjög skemmtilegar og þjálfa barnið í frásögn og sjálfsöryggi.



Á deildinni eru alltaf bækur í hæð barnanna. Börnin sækjast mikið í að skoða bækurnar og eru þær lesnar ef þau biðja um það. Við bjóðum börnum að skoða bækur eftir matartímann. Þau skila diskum of fá svo að setjast rólega í sófann og skoða bók. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur ágætlega en stundum fljúga bækur út um allt.

Einnig er alltaf jákvæður ávinningur í því að bjóða bók og börnin læra að ganga vel um bækurnar. Við sjáum það hjá okkur.

Síðasta verkefni tengt lestri í vor var lestrarátak Gulaland sem hófst í byrjun júní. Það gekk vonum framár og var mikil þátttaka. Börnin fengu Lubbabein



með sér heim og lituðu og klipptu út síðan skrifuðu foreldrar titil bókarinnar sem lesin var heima á beinið og börnin hengdu svo beinið upp hjá okkur.

Allar deildir eru með bókakassa sem rúlla á milli deilda sem innihalda bækur sem henta þeim aldri sem unnið er með.



Við erum búin að vera rosalega dugleg þennan vetur að nota kassann. Tökum börn fram og lesum fyrir þau bækur í minni hópum.



Þennan vetur voru við einnig rosalega dugleg að fara á bókasafnið, fórum sex ferðir. Þá fóru tveir starfsmenn með fimm til sex börn í einu labbandi yfir á bókasafnið. Á bókasafninu fórum við í sögustund sem starfsmaður bókasafnsins sá um. Eftir sögustundina fá börnin svo frjálstan tíma þar sem þau geta bæði skoðað bækur og leikir sér með t.d. búninga. Börnin fá svo að

velja sér bækur sem við fáum að láni og tökum með upp í leikskóla.

Styrkleikar:

Þar sem börnin á Gulalandi eru ung erum við meðvituð um að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi hjá okkur og endurtaka það sem þau segja við okkur. Þannig erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni og börnin fá stöðuga málörvun yfir daginn. Helsti kostur þess eru þeir að öll börn fá málörvun allan daginn og það oft á dag. Kosturinn við að skipta þeim í minni hóp alla daga er sá að hvert og eitt barn fær aukinn tíma með kennaranum og þau fá tækifæri til þess að læra í rólegu umhverfi.

Við náðum að syngja öll þau málhljóð sem við höfðum ætlað okkur og komumst mun lengra en upphaflega planið var, sem er jákvætt

Tækifæri til umbóta: Byrja fyrr með flæðilestur og skráningar á þeim.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæðilestur og Skráningar á þeim	Koma flæðilestri enn betur inni daglegt starf. Allaf verið að lesa en gleymist að skrá.	Hengja skráningarblað upp strax um haustið og minna hver aðra á að skrá. Deildastjóri minnir alla starfsmenna á að skrá á blaðið.	Allir á deild	Sept. 2025	Júlí 2026	Á deildarfundum hálfsmánaðarlega	Aukinn lestur fyrir öll börn

Útinám

Við fórum seint af stað með útinám á Gulalandi fyrst og fremst sökum aldurs barnanna. Börnin voru yngri en hafa verið á Gulalandi undanfarið, svo okkar áherslur voru að aðlaga útinám að svo ungum börnum. Útinám fyrir börn á aldrinum 2 til 3 ára snerist hjá okkur fyrst og fremst um leik og upplifun í náttúrlegu umhverfi. Á þessum aldri læra börn mest með líkamanum, skynjun og í gegnum endurtekningu. Við á Gulalandi lögðum áherslu á að fylgjast með fuglum, flugum og

fl. úti í garði í útiveru og fræða börnin

um þessi dýr sem eru í okkar nærumhverfi. Við fórum í hreyfileiki í garðinum okkar eins og hoppa í polla, velta sér í grasinu, draga trjágreinar.

Við vorum að taka þátt í umhverfinu með því að rækta paprikur og kartöflur.

Við lögðum áherslu á að frá apríl/maí myndum við fara með börnin í litlum hópum yfir í garðinn í Sunnuborg

oftast í kringum hádegisd.





Styrkleikar: Við þurftum svo að aðlaga okkur að aðstæðum í vetur og það gekk mjög vel. Við munum halda sama plani fyrir næsta haust en mögulega bæta inn styttri gönguferðum fyrr á árinu. Við fórum í þessar styttri gönguferðir þegar veður leyfði. Börnin eru mjög örugg og sjálfstæð í útiveru í garðinum. Einnig hafa orðið miklar framfarir í því að klæða sig sjálf - þau sýna meiri sjálfstæði, úthald og vilja til að æfa sig.

Tækifæri til umbóta:

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/ aðferði r?	Viðmið um árangur
Útinám	Fara fyrr í styttri gönguferðir og heimsókn í garðinn í Sunnuborg	Deildarst jóri leggur þetta til fyrir en var gert núna í ár	Allir á deildinni en deildarstjó ri hefur umsjón	mars 2026	Júlí 2026	Á deildarf undum hálfsmá naðaleg a	Börnin læri fyrir að ganga í hóp.

Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur

Í ár voru engin börn af erlendum uppruna í hópnum, nema tvö tvítyngd börn. Einnig voru fjögur börn sem fengu viðbótar málörvunar og lestrartíma, þær stundir voru stuttar og hnitmiðaðar og fara fram nokkrum (2 - 4) sinnum á dag og hafa reynst mjög gagnlegt fyrir þau. Notað var myndrænt skipulag sem hengt var um hálsinn hjá starfsfólki til þess að sýna börnum sjónrænt hvað væri að fara að gerast. Starfsmennirnir voru síðan virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin. Við lögðum mikla áherslu á myndrænt dagskipulag í öllum samveru stundum strax um haustið. Það sýndi þónokkurn árangur fljótt. Einnig hefur deildarstjóri lagt áherslu á að para saman börn til að mynda í matartímum sem eru sterk í íslensku og annað sem þarf aukna málörvun. Það hefur virkað vel og borið árangur.



Styrkleikar: Með myndrænu dagskipulagi strax að hausti læra börnin sem allra fyrst á skipulagið á deildinni og vita alltaf hvað kemur næst. Það minnkar óöryggi barnanna.

Með því að nota lyklakippurnar skilja börnin fyrr hvað er í gangi þar sem mörg þeirra hafa engan eða lítinn skilning í upphafi annar. Með því að skipta þeim síðan í minni hópa og lesa fyrir þau er hægt að auka orðaforða þeirra. Mikilvægast er síðan að setja orð á allt og tala við þau í þessum klassísku umönnunar aðstæðum sem einkennir starfið með ungum börnum.



Tækifæri til umbóta:

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nota myndrænt skipulag	Með því að nota myndrænt dagskipulag í öllum samverustundum vita börnin alltaf hvað kemur næst í skipulaginu okkar á deildinni	Byrja fyrir með myndrænt skipulag	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að allir fylgi eftir.	Sep 20-25	Júl 20-26	Á deildarfundum um hálfsmánaðalega	Stytttri grátur hjá börnunum og að þau læri fyrir á dagskipulagið og líði þar að leiðandi betur.

Endurmat á starfi vetrarins: Við erum mjög ánægð með veturinn. Þegar börnin byrjuðu fyrst voru sum þeirra óörugg og aðlögun tók sin tíma. En þetta var virkilega skemmtilegur og fjölbreyttur hópur. Börnin voru ólík hvert öðru, með mismunandi styrkleika, áhuga og skapgerð, og það skapaði lifandi og lærdómsríkt umhverfi fyrir allan hópinn. Þau lærðu mikið hvert af öðru í gegnum leik og samveru, og við starfsfólkið nutum þess að fylgja þeim í gegnum dagana með hlýju og gleði.

Að skipta hópnum upp á morgnanna er mjög mikilvægt til þess að öll börn fái að njóta sín ein með starfsmanni. Einnig lögðu við mikla áherslu á sjálfshjálp og þá aðalega í fataklefanum og matartímanum og sást það greinilega í lok annar. Útivera spilaði stóran þátt í okkar starfi og var nánast undantekningalaust farið út á morgnanna og síðan þegar veðrið varð betra var farið tvisvar á dag. Sum börnin sem voru farin að sofa styttra um vorið eða jafnvel hætt að sofa fóru líka út í hádeginu.

Foreldraviðtölin komu vel út og voru allir foreldrar mjög ánægðir með starf deildarinnar.



2.3 Bláaland

Veturinn 2024-2025 byrjaði ný deild á Bláalandi. Ný börn byrjuðu á deildinni og nýir starfsmenn. Aðlögun var í þrjú skipti frá ágúst til september og síðan byrjuðu fjögur börn á Bláalandi í október, desember og í janúar 2025. Fyrir áramót voru 18 börn á deildinni fædd árin 2021 og 2022 og voru 6 strákar og 12 stelpur. Í október færðist strákur af Rauðalandi yfir á Bláaland ásamt því að tvö börn, stelpa, fædd árið 2021, og strákur, fæddur árið 2022, byrjuðu á Bláalandi. Í janúar færðist annar strákur fæddur árið 2022 frá Rauðalandi yfir á Bláaland. Í apríl hætti strákur á Bláalandi og voru 17 börn eftir páska. 7 strákar og 10 stelpur. Í maí 2025 hófust framkvæmdir á sameiginlegum fataklefa Bláalands og Rauðalands. Fataklefinn á Bláalandi færðist inn á deildina og var salurinn nýttur sem matsalur og leikrými.



Læsi

Í vetur var einblínt á læsi á Bláalandi. Starfsmenn og börn höfðu mikinn áhuga á lestri og bókum. Unnið var með Málhljóð Lubba og unnið var með hvert málhljóð í tvær vikur. Fyrir áramót var ein Lubbastund fyrir allan hópinn þar sem starfsmaður kynnti fyrir börnunum Lubba, málhljóð vikunnar og nýir starfsmenn fengu að kynnast Lubba. Eftir áramót var síðan barnahópnum skipt í tvennt á morgnana. Í morgunsamveru var einnig farið yfir dagskipulagið myndrænt, veðrið og klæðaburð fyrir útiveru.

Flæðilestur stóð upp úr í vetur. Starfsmenn voru ávallt til staðar til að lesa og lesið var oft á dag. Bækur voru í boði í tveimur bókahillum. Boðið var að lesa bækur eftir matinn. Börnin sýndu bókum mikinn áhuga og mynduðust hópur af börnum þegar starfsmaður byrjaði að lesa bók. Börnin á Bláalandi voru dugleg að fara á bókasafnið í vetur og fór hvert barn í 2-3 skipulagðar sögustundir á bókasafninu, 5-6 börn í einu ásamt tveimur starfsmönnum, auk þess að taka út bækur sem þau gátu farið með á Bláaland. Sögustundirnar vöktu mikla ánægju.



Styrkleikar: Starfsmenn á Bláalandi voru dugleg að setja orð á allar athafnir. Eftir áramót gekk betur að læra málhljóð vikunnar með Lubba þegar við náðum að skiðta hópnum



niður. Þá urðu aðstæður fyrir börnin rólegri og þau fengu meiri tíma til að ræða máhljóðið og æfa það.

Tækifæri til umbóta: Við hefðum viljað skrá betur flæðilestur hjá okkur í vetur og e.t.v. vinna út frá flæðilestri með börnunum, t.d. hafa bókaorm.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæðilestur	Að skipta hópnum niður í smærri hópa. Við hefðum viljað gera skráningu á flæðilestri.	Hafa skráningarblað sýnilegt inni á deild. Að starfsmaður hefði getað séð um að skrá flæðilestur, gera bókorm.	Allir inni á deildinni.	Haust 2025	Vor 2026	Á deildarfundum.	Að lesið sé fyrir öll börn.

Útinám

Fyrir áramót var lítið um útinám á Bláalandi. Við fórum ekki í skipulagt útinám. Útinámið fólst í því að æfa sig að klæða sig í útiföt, athuga veðrið úti og íhuga hvað sé gott að klæða sig í. Gefinn var góður tími t.d. til þess að labba á bóksafnið, æfa umferðarreglurnar, íhuga veðrið og æfa okkur að labba saman í hóp. Við vorum dugleg að fara út að leika í alls kyns veðri.



Eftir áramót var einblínt meira á útinámið sem var gaman. Við skiptum hópnum í eldri og yngri hóp og fórum t.d. á fuglaróló, tókum ávexti og vorum með samveru úti. Börnin týndu t.d. köngla og gerðu þau páskaunga úr könglunum. Einnig vorum við með box með stækkunargleri þar sem við fundum stundum köngulær og gátu börnin skoðað þær í gegnum stækkunarglerið. Við ræddum um nærumhverfið okkar, um dýr sem við sáum og börnin ræddu hvar þau áttu heima og hvaða leið þau labba í leikskólann o.þ.h. Við ræktuðum papríkupilöntur, söfnuðum papríkufræjum, þau gróðursettu fræin í skyr-dollur sem þau voru búin að mála og ræddum hvernig plöntur vaxa. Börnin fundum trjágreinar úti sem





þau notuðu til að líma mynd af sér á sem þau settu í papríkupaflönturnar sínar til þess að merkja þær.

Eftir áramót fóru börnin í hópum að leika í stóra garði (Sunnuborgar-megin) eftir hádegi ásamt starfsmanni.

Styrkleikar: Útinámið gekk vel og börnin voru áhugasöm. Gönguferðirnar voru nýttar til að rýna í nærumhverfi og efniðviður úr náttúrunni var nýttur til föndurs.

Tækifæri til umbóta: Við hefðum mátt fara oftar í útinám. Við hefðum mátt byrja fyrr að hafa Lubba með okkur í útinám og fara í lengri gönguferðir, þá e.t.v. með smærri hópa og oftar.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Tengja Lubba málhljóð vikunnar inn í ferðirnar. Fara oftar með smærri hópa. Fara í lengri göngufer ðir.	Skipuleggja betur hópa til að fara í útinámið. Hafa Lubba með okkur og tengja við	Allir starfsmenn á deilinni.	September 2025	Mai 2026	Á deildarfundum.	Að börnin læri að ganga í hóp og kynnist nærumhverf i sínu.

Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur



Á Bláalandi var eitt barn með íslensku sem annað mál. Við lögðum orð á allar athafnir og notuðum daglegt skipulag í myndrænu formi. Barnið var duglegt að aðlaga aðstæðum þar sem foreldrar voru einnig að læra íslensku. Starfsmenn á deildinni þurftu að vera til staðar og tryggja að barnið skyldi það sem var að gerast og að því myndi líða örugglega í leikskólanum.



sér t.d. tákn fyrir vatn til þess að biðja um meira vatn. Við studdum barnið í leik, matartímum og lásam fyrir barnið ásamt litlum hópi. styrkt þessi börn í að tjá sig með fleiri leiðum. Eftir ármót hafa öll börn sem eru á Bláalandi náð góðum orðaforða en við þurfum alltaf að hafa þessa þætti í huga.

Tækifæri til umbóta: Við hefðum mátt lesa fyrir barnið oftar eitt í staðin fyrir í litlum hópi. Við hefðum mátt leggja meiri áherslu á að endurtaka orð yfir athafnir og leyfðum okkur e.t.v. að sleppa tákn með tali stundum þar sem barnið var öruggt og sjálfstætt. Þrátt fyrir að barnið sýndi mikið sjálfstæði, var öruggt í leik o.þ.h. þá hefðum við mátt nýta okkur það og styrkja barnið í íslensku enn betur. Við hefðum einnig mátt nýta okkur betur daglega skipulagði sem er sjónrænt.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál.	Skipta hópnum í smærri hópa og jafnvel hafa skipulagðar lestrarstundir þar sem lesið er fyrir barn eitt. 10 mín reglan	Velja eitt barn á tveggja vikna fresti til að nota 10 mín regluna með.	Allir á deild.	September 2025	Maí 2026	Á deildarfundum.	Að barnið (börnin) verði öruggt í leik og starfi á leikskólanum og utan hans.

2.4 Smálönd

Í Smálöndum er 21 barn fædd árið 2020, 14 stelpur og 7 strákar. Í vetur hefur áhersla verið lögð á læsi, útinám og fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Læsi

Markmiðið okkar í Smálöndum er að auka orðaforða barnanna í daglegu starfi sem og að nýta áhuga barnanna til að efla læsi, hljóðkerfisvitund og leik. Við æfum hlustun, jákvæð samskipti og að verða læs á umhverfið bæði úti og inni.

Í Smálöndum eru 2 – 3 samverur á dag. Fyrsta samveran er á morgnanna þar sem öll börnin eru saman, þá fá börnin ávexti og er farið yfir myndrænt dagskipulag og Lubba málhljóð vikunnar. Farið er yfir þulu mánaðarins 1 – 2x í viku í morgunsamveru. Fyrir hádegismat fara yfirleitt öll börnin saman í samveru en við skiptum niður í minni hópa eftir þörfum. Í hádegissamverunni er áhersla lögð á hljóðkerfisvitund, svo sem að ríma, klappa atkvæði, setja saman og taka í sundur orð, syngja eða spyrja almenna spurninga. Börnin koma oft með hugmyndir eða óskir um hvað við gerum í hádegissamveru og fylgjum við því oftast. Þriðja samvera dagsins er í lok dags, þá fá börnin ávexti og er lesin bók eða hlustað á sögu.



Leikumhverfi barnanna er læsishvetjandi þar sem bókstafir og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á veggjum deildarinnar sem og myndrænt dagskipulag. Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar og eru börnin afar dugleg að skoða þær og sýna hvert öðru möppurnar sínar. Forskriftir af nöfnum barnanna og einnig fjölbreyttum orðum er aðgengilegt börnunum yfir daginn.



Það er alltaf lesið fyrir börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Fyrir áramót var hópnum skipt upp í tvo hópa í sögustund en eftir áramót var ákveðið að sameina hópinn og byrja að lesa framhaldssögur. Val á bókum fer bæði eftir getu og áhugasviði barnanna, stundum koma börn með bækur að heiman og eru þær þá lesnar í sögustund. Spurt er um



innihald bókanna á meðan lestri stendur og þegar lesnar eru framhaldssögur er skrifað niður í lok sögustundar hvað kom fram og er síðan upprifjun daginn eftir. Bækur eru aðgengilegar í bókahillum sem er í miðju rými deildarinnar sem og minna herbergi þar sem hægt er að skoða bækur í ró og næði, börnin eru dugleg að nýta bækur í leik og starfi og er markmiðið okkar að kveikja áhuga þeirra á bókum og Flæðilestur er smá saman að festa sig í sessi en við þurfum að vera duglegri að skrá fyrir hvaða

barn/börn er lesið.

Börnin fara einu sinni í mánuði á bókasafnið í bókabíó, þar eru lesnar tvær bækur og myndir úr bókunum er varpað upp með skjávarpa. Síðan fá börnin tækifæri til að leika á bókasafninu og velja bækur til útláns til að taka með í leikskólann.



Við höfum reynt að hafa hringekju einu sinni í viku, þar sem eru 3 – 4 stöðvar og eru börnin á hverri stöð í rúmlega 15 mínútur. Í hringekju er áhersla lögð á vinnu með Lubba, fínhyrtingar, stærðfræði, málörvun og leik. Í Lubbastund er farið



yfir íslensku máhljóðin, við notum bókina *Lubbi finnur málbein* og lesum söguna, lærum táknið og syngjum vísuna sem tilheyrir máhljóðinu. Í málörvun eru spiluð ýmis spil sem efla orðaforða líkt og *Orð eru ævintýri*, einnig æfum við okkur í að klappa atkvæði, ríma, ræða um margræð orð og nýta afstöðu hugtök. Í stærðfræði höfum við unnið margskonar verkefni, bæði með tölur og form.

Ásamt því að hafa Lubbastund einu sinni í viku er Lubbi sýnilegur í gegnum allt daglegt starf. Lubbi er með í leik barnanna og er Lubba bangsinn alltaf sýnilegur börnunum. Stórt plakat með öllum máhljóðunum er í hæð barnanna sem þau skoða reglulega. Hólf, samverusæti og skúffur barnanna eru merkt með nafni þeirra, Lubba tákni og máhljóði. Málbein eru notuð í kaffiflæði þar sem börnin draga bein og bjóða hvert öðru í kaffitíma, hvert barn á sitt málbein með nafni,





tákni og málhljóði á. Öll börn hafa fengið Lubba með í heimsókn yfir helgi í vetur og á mánudegi eru þau með framsögn þar sem þau segja hvað þau gerðu með Lubba um helgina og einnig koma þau með hlut að heiman sem byrjar á sama málhljóði og nafnið þeirra.

Styrkleikar: Það gekk vel að hafa fjölbreytt úrval af bókum aðgengilegt börnunum, við skiptum út 1 – 2 í mánuði bæði eftir áhuga og árstíðum. Þó að hringekjan hafi fallið oftari niður eftir áramót höfum við alltaf tekið fyrir Lubba málhljóð vikunnar og unnið með áherslupætti hringekjunnar í frjálsum leik og daglegu starfi.

Tækifæri til úrbóta: Mætti bæta skráningu á flæðilestri.

Smálönd/ 4 – 5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráning á flæðilestri
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skrá niður fyrir hvaða barn/börn er lesið fyrir í flæðilestri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa skráningarblað sýnilegra starfsfólki og fara yfir skráningar reglulega.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 til júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið yfir og rætt um skráningar reglulega á deildarfundum og starfsdögum yfir skólaárið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Geta stuðst við skráningar til að tryggja að öll börn fá að njóta þess að hlusta á sögur og ævintýri.



Útinám



Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna og fullorðinna, tengja skólastarfið við grenndarsamfélagið, umhverfið og náttúran er efniviður námsins. Styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu. Einnig að börn fái notið aukinnar útiveru í leik og starfi og læri að meta umhverfi sitt og náttúru sem dýrmæta auðlind og rækti með sér væntumþykju og skilning á henni.

Við byrjuðum með útinám í ágúst og höfum við farið vikulega síðan þá. Í útinámi förum við í gönguferðir í nærumhverfi skólans þar sem börnin kynnast náttúrunni og áhersla er lögð á umferðarreglur, hljóðkerfisvitund, stærðfræði og frjálsan leik. Í byrjun skólaárs völdum við okkur tré í Laugardalnum sem við höfum fylgst með út veturinn, einnig höfum við farið á svæði nálægt leikskólanum og



leikið þar, skoðað náttúruna og æft kjark og þor. Við höfum farið í vettvangsferðir, aðventustund í Kaffi Flóru, húsdýragarðinn, heimsótt leikvelli hverfisins og notið þess að fara í leiki og hreyfa okkur í náttúrunni, börnin koma oft á tíðum með hugmyndir af stöðum til að fara á í útinámi og leyfum við áhuga þeirra að ráða för. Börnin gera margskonar úrvinnsluverkefni út frá útináms ferðunum.



Í vor byrjuðum við á verkefni sem nefnist heimilisheimsóknir. Þá er farið að heimili hvers barns fyrir sig, þau vísa okkur leiðina frá leikskólanum og að heimilinu, sýna okkur útidyrhurðina og í kringum húsið sitt og taka síðan myndir af einhverju fyrir utan sem þeim þykir vænt um. Börnin vinna svo ýmis verkefni tengd heimsóknunum, einnig er stór kort upp á vegg í fataklefanum þar sem mynd af heimili og barni er sett á viðeigandi stað ásamt myndum af helstu kennileitum hverfisins. Markmiðið með heimilisheimsóknum er að tengja betur saman heimilið og leikskólann.





Styrkleikar: Úrvinnsla og verkefnavinna eftir útinámsferðir hefur gengið vel. Við rifjum upp ferð vikunnar með börnunum og gerum oftast verkefni tengd ferðunum, þó ekki eftir allar útinámsferðir. Við byrjuðum að fara í útinám um leið og skólaárið byrjaði og höfum farið í nær hverri viku síðan þá, við þurftum að taka pásu í lok desember og byrjun janúar þar sem klaki og hálka skapaði hættulegar aðstæður.

Tækifæri til úrbóta: Heilt yfir hefur útinámið gengið ótrúlega vel en það mætti hafa Lubba meira með í ferðum og verkefnavinnu í útinámi.

Smálönd/ 4 – 5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Tengja Lubba málhljóð vikunnar betur inn í útinámið.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að námsþættir flettist betur saman í gegnum starfið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka Lubba með í útinámsferð a.m.k einu sinni í mánuði.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætluð að hefja þetta strax í ágúst 2025 og ljúka í júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og starfsdögum reglulega yfir skólaárið, ásamt því að ræða við börnin og fá þeirra álit og sjónarmið.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin efli orðaforða sem tengist útinámi og málhljóði vikunnar, ásamt myndrænum skráningum.

Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur



Í ár voru sex tvítyngd börn á deildinni. Við lesum daglega fyrir öll börn og einnig einstaklingslega ef beðið er um það. Myndrænt skipulag er notað yfir daginn, þar kemur fram hvað verður gert yfir daginn, veður, klæðnaður og dagsetning. Einnig er myndrænt skipulag í fataklefanum þar sem sést veður og klæðnaður fyrir daginn. Við setjum orð á alla hluti og athafnir, endurtökum leiðrétt og reynum að vera alltaf skýr í tali. Einnig leggjum við áherslu



á að fylgjast vel með frjálsum leik barnanna og vera til staðar þegar þörf er á. Við erum með fána sýnilega í fataklefanum af þeim löndum og tungumálum sem eru á deildinni. Börnin koma stundum með bækur að heiman á mismunandi tungumálum og útskýra söguna út frá myndum í leik og í samveru. Verkefnastjóri fjölmennningar hefur verið með fastar stundir yfir vikuna þar sem börnin fá markvissar málörvunarstundir ásamt því að fylgjast með þeim í leik og aðstoða þegar þörf er á. Verkefnastjóri kemur einnig með ráðleggingar fyrir deildina til að efla mismunandi þætti í daglegu starfi og leik.

Styrkleikar: Markvissari málörvunarstundir ganga vel með aðstoð verkefnastjóra fjölmennningar. Við náðum að kortleggja barnahópinn og byrja á Gefðu 10, en vorum ekki nógu dugleg að skrá niður yfir daginn.

Tækifæri til úrbóta: Við náðum að byrja vel á Gefðu 10 en það mætti bæta skráninguna á því, hafa sýnilegra skráningarblað og fara oftar yfir það.

Smálönd/ 4 – 5 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Skráning á Gefðu 10
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skráningarblað fyrir Gefðu 10 sé markvisst notað til að fylgjast með og hafa betri yfirsýn á barnahópnum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa skráningarblað á sýnilegri stað fyrir starfsfólk og fara oftar yfir skráningarnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.



Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætlum að hefja þetta strax í ágúst 2025 og ljúka í júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið reglulega yfir skráningarnar og rætt um á deildarfundi, þá er hægt að kortleggja aftur barnahópinn og hafa betri yfirsýn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að Gefðu 10 sé orðinn fastur liður í daglegu starfi og skráningar séu orðnar markvissar.



2.5 Undraland

Veturinn 2024-2025 voru 22 börn á Undralandi öll fædd árið 2021, 10 stelpur og 12 strákar.

Læsi

Markmið okkar á Undralandi er að auka orðaforða barnanna í daglegu starfi. Leggja orð á alla hluti og nota tákn með tali. Lesa bækur sem hæfa fjölbreyttum barnahóp. Við æfum hlustun, jákvæð samskipti og að verða læs á umhverfið bæði úti og inni.



Við höfum verið með hringekju einu sinni í viku þar sem við förum í Lubbastund, æfum fínhyfingar, málörvun, stærðfræði og jóga. Í Lubbastund er farið í íslensku málhljóðin. Við notum bókina gerum táknið við málhljóðið, syngjum lagið sem tilheyrir málhljóðinu, lesum söguna og leggjum inn ný orð. Við æfum okkur í að klappa atkvæði, ríma, setja sama orð og ræða um margræð orð. Einnig æfum við okkur að bjóða góðan daginn í upphafi stundar og kveðja í lokin. Í málörvun voru lesnar bækur farið í ýmsa leiki, spilað, rætt saman, unnið með texta, orð, vísur og rím. Í stærðfræði höfum við unnið margskonar verkefni, bæði með tölur og form. Byggt úr kubbum og spilað spil sem koma inn á tölur form og fjölda. Í jóga höfum við verið að vinna með slökun, öndun og gera æfingar.



Dagskipulag er myndrænt og leikefni er merkt með orðum. Ritmál er sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir. Við erum með samverustundir tvisvar yfir daginn þar sem farið er yfir daginn, veðrið og klæðnað fyrir útiveru, sungið, lesið eða unnið með annað málörvandi efni.

Eftir hádegismat er lesið fyrir börnin í litlum hópum eftir getu og áhuga. Bækur eru yfirleitt valdar af kennara en börnin eru dugleg að koma með bækur að heiman og þá notum við tækifærið og lesum þær í sögustund. Einnig koma börnin stundum með ósk um hvaða bók er lesin og verðum við oftast við því. Flæðilestur er smá saman að





festast sig í sessi en við þurfum að vera duglegri að skrá fyrir hvaða barn/börn er lesið.

Við höfum farið reglulega á bókasafnið í lestrarstund og náð okkur í bækur. Einnig höfum við nýtt okkur að fá bækur sem tengjast þema eða ákveðnu verkefni. Ferilmöppur barnanna eru aðgengilegar og börnin eru mjög dugleg að skoða þær.

Styrkleikar: Þó svo hringekja hafi fallið of oft niður höfum við verið dugleg að nýta samverustundirnar. Við syngjum Lubbavísu vikunnar í morgunsamveru og förum í málörvunar verkefni reglulega. Börnin hafa náð góðum tókum á að klappa atkvæði, ríma, setja saman orð og vinna með margræð orð.

Tækifæri til umbóta: Þó svo að hringekjan hafi fallið niður hefur frjálsi leikurinn fengið sinn sess og tækifæri hafa gefist til að vinna með málörvun í gegnum leikinn. Við höfum séð miklar framfarir í samskiptum og samleik barnanna. Áskorun næsta vetrar er að ná inn enn fleiri þáttum sem við viljum leggja áherslu á í gegnum frjálsa leikinn. Eins og að auka orðaforða, leggja inn Lubba málhljóð og æfa samskiptin enn frekar. Einnig þurfum við að bæta okkur enn frekar í flæðilestri og skráningu.

Undraland/3 og 4 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæðilestur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að lesa fyrir öll börn einslega að minnsta kosti tvisvar í viku og skrá á viðeigandi blöð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að nota bókakassana betur og fara á bókasafnið til að fá bækur fyrir börn sem eru komin lengra í hlustun.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætluð að hefja þetta strax í ágúst 2025 og ljúka í júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og starfsdögum reglulega yfir skólaárið.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að sjá framfarir í orðaforða og geta stuðst við skráningu til að tryggja að öll börn fá að njóta þess að hlusta á sögur og ævintýri.
--	--

Undraland/3 og 4 ára.	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gera ritmál enn sýnilegra með því að merkja hluti og leikföng á deild með orðum og myndum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að merkja alla hluti inn á deild bæði húsgögn og leikföng.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka myndir og prenta út orð og setja á rétta staði.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrja á því í ágúst 2025 og ljúka júní 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fara yfir á deildarfundum og starfsdögum hvort vanti merkingar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að gera alla meðvitaða um að hafa umhverfið læsis hvetjandi og fylgjast vel með hvort allt sé merkt.



Útinám

Markmið útináms er að efla umhverfisvitund barna og fullorðinna, að börnin fái notið aukinnar útiveru í leik og starfi og læri að meta umhverfi sitt og náttúru sem dýrmæta auðlind og rækti með sér væntumþykju og skilning á henni. Styrkja andlega og líkamlega vellíðan barna, sjálfsmynd þeirra og hæfni til samvinnu. Tengja skólastarfið við

grenndarsamfélagið, umhverfið og náttúran er efniviður kennslunnar. Í útinámi æfa börnin sig í að klæða sig sjálf, ganga í röð og fylgja hópnum sínum. Lögð er áhersla á orðaforða eins og því sem við kemur klæðnaði, veðri og öllu því sem við sjáum og skynjum í náttúrunni.



Við höfum farið á svæði sem er nálægt leikskólanum og leikið þar, skoðað náttúruna og æft kjark og þor. Nokkrar ferðir hafa fallið niður vegna veðurs eða veikinda starfsfólks en annars höfum við náð að halda okkur við skipulagið. Við höfum sent heim myndræna skráningu frá ferðunum og hafa foreldrar lýst ánægju sinni með það.

Styrkleikar: Útinámið hefur gengið vel. Við höfum náð mörgum af markmiðum okkar og sjáum mikinn mun bæði á þoli og kjarki barnanna. Við settum okkur markmið að fara oftast með Lubba í ferðir og vinna með máhljóð vikunnar og það hefur tekist.



Lubba máhljóð Jj

Tækifæri til umbóta: Við erum heilt yfir mjög ánægðar með hvernig útinámið hefur gengið í vetur. Næsta áskorun er að halda áfram því sem við höfum verið að gera.

Íslenska sem annað mál

Í leikskólanum Langholti er um þriðjungur barna af erlendum uppruna.

Á Undraland eru börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Þessi börn þurfa að ná auknum orðaforða. Við þurfum að leggja orð á allar athafnir og lesa fyrir þau einslega og í litlum hópum. Þau þurfa skýr og einföld fyrirmæli og ganga þarf úr skugga um að þau skilji það sem verið er að vinna með. Vera til staðar í frjálsum leik og styðja þau og styrkja til að ýta þeim áfram í námi sínu. Vegna mikilla





starfsmannaveltu verðum við að viðurkenna að við hefðum viljað gera mun betur þó aðallega í að lesa meira fyrir þessi börn einslega og hafa þau í minni hópum. Innleiðing á TMT hefur styrkt þessi börn í að tjá sig með fleiri leiðum.

Tækifæri til umbóta: Við höfum ekki verið nógu dugleg að nota 10 mínútu regluna og ákveða hvaða börn skal efla hverju sinni.

Styrkleikar: Við höfum verið mjög meðvituð um að við þurfum að bæta okkur bæði í samveru og hringekju svo allir fái notið stundanna á sínum forsendum. Við höfum líka náð að grípa mörg tækifæri til að efla orðaforðann en betur má ef duga skal.

Undraland/3 og 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Íslenska sem annað mál.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta frjálsa leikinn betur í innlög á orðum. Einnig að lesa meira fyrir þennan hóp
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja vel stundirnar og finna út hvenær besti tíminn er til að sinna þessu vel.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 og endar í júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skrá stundirnar og ræða á deildarfundum hvernig til hefur tekist og gera þá nýja áætlun í takt við árangur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin verði virk í barnahópnum og að öryggi þeirra og málþroski aukist.





2.6 Álfaland

Endurmat 2024 -2025

Við höfum skólaárið með 21 barn á deildinni. Kynjahlutföllin voru jöfn í byrjun annar, 11 stúlkur og 10 drengir. Öll börnin fædd árið 2021. Í mars hætti barn á deildinni og 2 börn bættust við í lok mars fædd 2022. Skólaárið gekk í heildina vel. Upp úr áramótum urðu deildarstjóraskipti. Í starfinu vorum við að vinna með gróf og fínhyreyfingar, Lubba málhljóðin og lögin, útinám, hljóðkerfisvitund og ýmsa leiki. Við lögðum upp með að hafa hringekju sem fastan lið í starfinu í hverri viku. Það gekk ágætlega en ýmsir utankomandi þættir höfðu áhrif. Frjálsi leikurinn fékk mikið rými. Útinám gekk vel að hausti og vori.

Læsi:

Læsi er búinn að vera stór þáttur í starfinu á Álfalandi. Við höfum verið með 2-4 samverustundir á dag. Fyrsta samvera dagsins er morgunfundur, þá er farið yfir dagskipulagið, veður og klæðnað, daga og mánaðarlagið sungið ásamt Lubbalagi vikunnar. Síðan fá börnin ávexti. Næsta samvera er hádegissamveran. Þá er gjarnan lesin bók, verkefni tengd hljóðkerfisvitund og sungið. Að loknum hádegismat er svo sögustund þar sem lesnar eru 1-2 bækur, oft í skiptum hópum. Í lok dags er svo samvera þar sem oft er sungið, lesið eða farið í leiki. Einnig höfum stundum bætt við stuttri samveru fyrir síðdegishressingu þar sem er lesið eða sungið og hefur gefist vel. Lubbastundir hafa verið fléttaðar inn í hringekju og hópastarf. Einnig hafa málbeinin verið notuð í kaffitímanum og sem merkingar á skúffur og hólf. Gerðar voru nokkrar tilraunir til að nota beinin til að merkja sæti í samveru en það náði ekki fram að ganga þar sem þau voru ítrekað tekin niður aftur. Ferilmöppur barnanna eru þeim aðgengilegar og hafa þau verið dugleg að taka þær fram og skoða og sýna. Veggir deildarinnar hafa verið nýttir til að gera námsumhverfi barnanna læsishvetjandi, stafrófið hangir á tveimur stöðum, tölustafirnar, myndir af dýrum með heiti þeirra undir og formin. Einnig hangir dagsskipulag á vegg yfir daginn.

Bækur eru aðgengilegar í bókakössum og í hillum og svo erum við með bókakassa sem er skipt út mánaðarlega og eru í umsjá verkefnastjóra. Við fórum nokkrum sinnum yfir árið með börnin á bókasafnið í sögustundir og svo tókum við nokkrum sinnum bækur til útláns sem var alltaf skemmtilegt uppbrot. Við leggjum áherslu á að lesa allavega einu sinni til tvisvar á dag fyrir börnin í samverustundum og svo kennum við þeim nýja þulu í hverjum mánuði. Einnig er lesið





fyrir börn í flæðilestri. Það er lestur sem er umfram þann lestur sem er í skipulagði starfi og merkt við á viðeigandi blað.

Styrkleikar:

Okkur hefur gengið vel að halda bókum að börnunum. Við lesum alltaf daglega og börnin dugleg að skoða bækur þess á milli. Lubba-vinna hefur gengið vel, máhljóð vikunnar og Lubbalögin. Við syngjum alla daga oft á dag. Hringekjufyrirkomulagið virkaði vel og börnin farin að læra inn á það.

Tækifæri til úrbóta:

Þula mánaðarins hefur ekki fengið nægilegt rými og þyrfti að komast betur inn í daglegu rútínuna. Nota flæðilestur markvissara og notast við skráningar þar.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat		
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Þula mánaðarins	Flæðilestur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Viljum að börnin læri þulurnar	Að öll börn á deildinni fái auka lestrarstund yfir vikuna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja þulu mánaðarins fast inn í morgunsamveruna	Skiptast á að taka börn í lestur yfir daginn.
Ábyrgð	Sá sem sinnir morgunsamveru og deildarstjóri	Starfsmenn deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til og með maí	September til og með maí





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum í samráði við starfsmenn. Deildarfundir eru haldnir hálfsmánaðarlega að jafnaði.	Skráningarblöð og rætt á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti að mestu leiti farið með þulurnar sjálf, m.t.t. til aldurs og getu hvers og eins.	Aukinn orðaforði og máltjáning skýrari.

Útinám

Með útinámi er ætlað að efla umhverfisvitund, sjálfstraust, þekkingu á náttúrunni og nærumhverfinu.

Áherslur í útinámi í vetur hafa verið að kenna börnunum að ganga í röð, klæða sig sjálf í útiföt. Leggja inn orð tengd umhverfinu og umferðinni. Horfa í kringum sig, bera kennsl á þekkt kennileiti, t.d. Langholtskirkja, Esjan o.s.frv. Hugtök tengd veðri og veðurfari. Hefðum viljað fara oftari í útinám og markvissar. Fórum upp vikulega fram að nóvember og byrjuðum aftur í mars. Markmiðið var að fara alltaf einu sinni í viku. Lögð var áhersla á það að halda hópinn, efla úthald í göngutúrum og að leika á nýjum stöðum í nærumhverfinu.

Útinám:

Ekki var gert sérstakt skipulag sem við fylgdum svo því má bæta við fyrir næsta vetur. Við sjáum mikinn árangur hjá börnunum hvað varðar að halda hópinn og að fylgja fyrirmælum í útinámi. Útinám þarf ekki endilega að vera gönguferð í hvert skipti, mega vera verkefni á skólalóð eins og að mála úti, tína rusl og annað sem væri þá markmið fyrir næsta vetur.

Styrkleikar:

Börnunum gengur vel að halda hópinn og börnin orðin frekar sjálfstæð í að klæða sig sjálf.

Tækifæri til úrbóta:

Skipuleggja útinámið betur og búa til áætlun og gera svo verkefni útfrá útináminu inn á deild.





Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
<u>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</u>	Útinámsáætlun með verkefnum
<u>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</u>	Að ná að hafa útinám a.m.k. einu sinni í viku frá september-nóvember og febrúar – maí.
<u>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</u>	Setja upp útinámsskipulag að hausti með hugmyndum að verkefnum tengdum nánasta umhverfi.
<u>Ábyrgð</u>	Deildarstjóri og svo einn eða fleiri starfsmenn á deildinni haldi utan um áætlunina og uppfæri eftir þörfum.
<u>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</u>	September til og með maí.
<u>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</u>	Á deildarfundum. Nýta einnig samverustundir til að leggja inn eða fá hugmyndir af verkefnum með börnunum.
<u>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</u>	Börnin séu sjálfstæð í fataklefa og geti gengið í röð og haldið hópinn. Geti sagt frá hvað þau sáu og gerðu í útináminu hverju sinni.





Fjölbreyttur tungumála- og menningabakgrunnur

Á Álfalandi voru nokkur börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Við höfum notast við Tákni með tali til þess að styðja við talað mál. Við erum með spjöld í fataklefanum þar sem öll þjóðerni og tungumál barna og starfsmanna deildarinnar koma fram. Við erum með markvissar Lubbastundir sem nýtast einnig sem málörvunarstundir. Við erum líka búin að vera dugleg að leggja orð á allar athafnir, og erum þannig málfyrirmyndir barnanna. Við nýtum okkur Gefðu 10, en mættum vera mikið duglegri við það að skrásetja það.

Styrkleikar:

Við leggjum áherslu á að leggja orð á allar athafnir og virkjum börnin til að segja líka. Við tölum, syngjum og lesum mikið yfir daginn. Sögustundin að loknum hádegisverði hefur verið vel nýtt til gæðamálörvunar sér í lagi eftir að við gátum þrískipt hópnum.

Tækifæri til úrbóta:

Halda betur utan um skráningu á Gefðu 10.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu 10 málörvun.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að nýta þessa auka málörvun þannig hún sé notuð daglega, grípa tækifærin í daglegum aðstæðum, t.d. fataklefanum, matartímanum, bleyjuskiptum o.s.frv.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp skráningarblað á aðgengilegan stað fyrir starfsfólk deildarinnar og ákveða á deildarfundum hvaða einstaklinga þarf að gefa meiri gaum.
Ábyrgð	Deildarstjóri sér til þess að skráningarblað sé aðgengilegt. Allt starfsfólk tekur þátt.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept - júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skoða skráningar mánaðarlega og ræða á deildarfundum.





**Viðmið um árangur-Viðmið er
gæðalýsing og/eða mælikvarði sem
stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði**

Aukinn orðaforði og skilningur hjá barninu og að það verði
virkara í barnahópnum og öryggi þeirra aukist.



2.7 Furðuland

Í upphafi skólaárs, veturinn 2024 -2025, voru 27 börn á Furðulandi í tvískiptum hóp. 22 börn fædd 2019 og 5 börn fædd 2020. Samtals voru 9 stúlkur og 18 drengir. Í lok skólaárs vorum við með 25 börn.

Útinám

Útináminu á elstu deild hefur verið öðruvísi háttað í vetur en á öðrum deildum leikskólans þar sem meira er um ferðir utan leikskólans, t.d. í leikhús, tónleika, á söfn o.fl, og er það hluti af útinámi elstu barnanna. Farið var í útinám reglulega yfir skólaárið en það kom nokkrum sinnum fyrir að það þurfti að fella niður útinámið vegna óviðráðanlegra aðstæðna (meðal annars vegan manneklu og veðurfars).

Markmiðið með útinámi er að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnast nærumhverfi leikskólans og ýmsu öðru sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Í útinámi er lögð áhersla á að öll innlögn sé skemmtileg, fari fram í gegnum leik og að börnin fái tækifæri til þess að njóta sín alfarið í sjálfsprottum leik. Reglulega voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar.



Útinámið hefur almennt gengið vel og við höfum reynt að tengja það saman við starfið á deildinni. Skráningar með texta og myndum voru gerðar fyrir stærri ferðir og stundum unnin verkefni út frá ferðum. Foreldrar fengu svo alltaf skemmtilegar myndasýrpur í föstudagspóstum.

Yngri hópurinn fer í svokallaðar heimilisheimsóknir. En þá er farið að heimili hvers barns fyrir sig. Barnið segir jafnöldrum frá heimili sínu og fær að taka myndir af einverju fyrir utan sem því þykir vænt um. Börnin vinna svo úrvinnsluverkefni út frá heimsókninni. Einnig er stórt götukort sett upp á vegg þar sem mynd af heimili og barni er sett á viðeigandi stað ásamt myndum af helstu kennileitum hverfisins. Markmiðið er að tengja betur saman heimili og skóla fyrir börnunum. Þetta er skráð og sett í ferilmöppur. Farið var í ferðir í Laugardalinn, á nokkra leikvelli, heimsóknir í garðinn á Holtaborg, í göngutúra um hverfið og í grenndargáma ásamt því að ýmis svæði í nágrenni leikskólans voru nýtt. Reglulega yfir skólaárið var elstu börnum leikskólans boðið á ýmsar sýningar og upplifanir. Við fórum meðal annars í Hörpuna að hlusta á útfærslu



Sinfóníuhljósveitar Íslands á bókinni Ástarsaga úr fjöllum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Hópurinn fór á sýninguna „Ég get“ í Þjóðleikhúsinu sem er leikræn sýningu um það sem er mitt,



þitt og okkar ásamt því að fara í spennandi upplifunarferð um sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* á Náttúruminjasafn Íslands í Perlunni. Þar fengu börnin tækifæri á að kynnst mismunandi birtingarmyndum vatns, meðal annars með því að hlusta, snerta, sula og skoða lífverur sem búa í vatninu. Í desember hefur verið hefð fyrir því að fara í Kaffi Flóru þar sem við höfum átt

jólalega stund saman. Einnig var farið í útskrifarferð í Lækjarbotana þar sem meðal annars var farið í fjallgöngu, fjarsjóðsleit, sulað í læk og grillaðar pylsur.

Gott samstarf er við grunnskólanna í hverfinu og fórum við meðal annars í söngstund í Vogaskóla þar sem við sungum nokkur skemmtileg lög með hópnum, í söngstund í Langholtsskóla á degi íslenskrar tungu og á Lúsíuhátíð í Vogaskóla. Fljótlega eftir áramót var börnunum boðið að koma í heimsókn inn í kennslustund í þeim grunnskóla sem þau eru fara í á næsta skólaári.

Tækifæri til úrbóta: Tekin var ákvörðun um það í upphafi skólaársins að aðrar ferðir elstu barnanna yrði hluti að útináminu til þess að auka rými fyrir sjálfsprottinn leik í daglegu skipulagi. Þrátt fyrir að það hafi vantað upp markvissar útinámsferðir í nærumhverfi leikskólans eru elstu börnin búin að gera og upplifa ótrúlega margt í vetur.

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að Lubbi verði meira tengdur við útinámið og efla úrvinnslu barnanna eftir útinámið.	Gera áætlun um úrvinnsluverkefni og tengja Lubba betur inn í útinámið t.d. í samveru.	Allir á deild en deildarstjóri og umsjónarmaður útináms gera áætlun og verkefnaplan	Sept 2024	Maí 2025	Á deildarfundum hálfsmánaðarlega	Börnin eflast í Lubbatækninni og fá meiri dýpt í útinámið vegna þess og aukinnar úrvinnslu.

Læsi

Alltaf ein samverustund og ein sögustund á dag. Alltaf lesið fyrir öll börn að minnsta kosti 1x á dag.

Börnunum á Furðulandi er skipt upp í 3 lestrarhópa. Lesið er fyrir þau í þessum hópum á hverjum degi. Við reynum að velja bækur sem henta hverjum hópi. Stundum hafa hóparnir val um tvær mismunandi bækur og þá fer fram lýðræðisleg kosning. Rætt er um innihald bókanna og spurningum innihaldið svarað. Bækur eru mjög aðgengilegar í bókaskáp sem snýr fram og börnin eiga auðvelt með að velja sér sjálf bók. Við erum líka duglegar að fara á bókasafnið og sækja okkur nýjar bækur. Við förum reglulega í sögustundir á bókasafnið. Börnin hlusta á sögur af athygli og biðja oft um sögulestur. Þau koma líka oft með bækur að heiman sem við lesum. Í vetur höfum við einnig boðið upp á á flæðilestur. Markmiðið með flæðilestri er að barnið læri að njóta bóka. Barnið fær að velja sér bók úr sérstökum bókakassa. Barnið sem velur bókina situr í fangi kennarans en hin börnin geta líka hlustað og verið með í umræðunni. Merkt er við barnið á sérstakt skráningarblað þegar lesturinn er búin.

Lögð er áhersla á hljóðkerfisvitund í samverustundum, sem tengist líka inn í útinámið okkar og reynum við almennt að koma þessu að í daglegu starfi. Við klöppum atkvæði, rímum, tengjum saman orð og tókum í sundur orð. Við æfum okkur að fara eftir fyrirmælum af fyrirmælaspjöldum og spilum ýmiskonar spil.

Á morgunfundum eru æfðar þulur mánaðarins og lubbavísurnar. Við höfum verið dugleg að læra nýja þulu í hverjum mánuði.

Allt sem hægt er að merkja höfum við merkt, s.s. húsgögn og leikföng. Leikföng eru merkt með



orðum. Allt starfsumhverfið er læsishvetjandi. Bókstafir og tölustafir eru hangandi uppi á vegg í sýnilegri hæð barnanna sem og sjónrænt dagsskipulag. Hólf barnanna eru merkt með nöfnum barnanna og forráðamanna þeirra.



Börnin eru dugleg að æfa sig að skrifa og margir farnir að reyna að skrifa nafnið sitt með forskrift. Ferilmöppur barnanna eru mjög aðgengilegar í hæð barnanna og eru mikið skoðaðar.


Allt ritmál er mjög sýnilegt á deildinni, bæði tölustafir og bókstafir, hópaskiptingar og hlutir ásamt öllu leikefni, börnin hafa alltaf gott aðgengi að bókum, pappír, tímaritum, skærum, lími og skriffærum. Læsið tengist öllu okkar starfi bæði úti og inni eins og t.d. í útinámi þar sem börnin læra hugtök, umferðarreglur, form, litir og læsi á náttúru og umhverfi sitt. Sögustundir eru alla daga eftir hádegismat.

Það eru fjórar samverur yfir daginn með mismunandi áherslum hverju sinni, t.d. söngur, lestur, þulur, samstafa, tengja saman orð eða farið í spurningaleiki, hlustað á sögur og ævintýri, ýmist í gegnum hátalara eða kennari las bók. Á morgnana er fyrsta samverustundin þar sem við fáum okkur ávexti og leggjum drög að deginum og ræðum ýmis málefni; hvaða dagur er, mánuður, ár,



veður, klæðnaður og það sem er fram undan. Öllu jafna er söngstund fyrir hádegismatinn þar sem við syngjum og leggjum inn texta og lög; Barnamenningarhátíð, jól, árstíðir, þulur og fleira. Það hefur gengið vel. Við höfum einnig notað samverustundir til að ræða saman ef einhver ágreiningsmál koma upp sem gott er að ræða í hópnum. Leshópar eru svo eftir mat. Fyrir drekkutímann er svo samvera þar sem ýmislegt er gert og þá reynt að gera eitthvað sem ekki er búið að gera í samveru fyrr um daginn. Í lok dags er ávaxtastund og þá er hlýtt á sögur og ævintýri í hátalara eða lesin bók. Stundum voru allir saman í samveru en stundum var þeim skipt upp í yngri og eldri, þannig var það yfirleitt í hádegissamverunni.

varðandi



Eldri börnin hafa verið með framsögn í vetur. Þau koma með hlut að heiman og segja börnunum frá hlutum, eftir það hefur verið gefinn tími fyrir spurningar. Börnin sem eru með framsögnina æfa sig í að tala fyrir hóp á meðan hinir æfa sig í að hlusta. Við gerum skráningu sem fer svo í ferilmöppu.

Við tókum þátt í
Barnamenningarhátíð.

Börnin lærðu lög og texta eftir Braga Valdimar Skúlason frá því í janúar og fóru á æfingu í Tónskóla Sigursveins í mars. Þau fluttu svo lögin í apríl í Eldborgarsal Hörpu. Það gekk mjög vel og vorum við ótrúlega stolt af börnunum.



Tækifæri til úrbóta: Heilt yfir erum við mjög ánægð með hvernig gekk í vetur. Okkur tókst að ná flestum þeim markmiðum sem við settum okkur. Það má þó alltaf gera betur og þá helst í sambandi við Lubba. Okkur hefur ekki tekist nógu vel að nota Lubba námsefnið meira inn í daglegu starfi. Því munum við setja það inn í umbótaáætlunina.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Að Lubbi verði meira í notkun í daglegu starfi.	Hafa málhljóð vikunnar sýnilegra. Syngja ljóðin við málhljóðið í söngstund alla vikuna. Hafa orð og stafi sýnileg fyrir foreldra við t.d. fataklefan	Allir á deild en deildarstjóri ber ábyrgð á að gera verkefni og námsefni tengt Lubba, eða færir það í hendur annars starfsmanns sem færi þá jafnvel á Lubbanámssk eið	Sep t. 2024	Maí 2025	Á deildarfundum hálfsmánaðarlega	Börnin læri Lubba vísurnar og orðin sem koma fyrir í textanum og við höfum ákveðið að nota í orðaspjall og hafa orðin sýnileg fyrir foreldra.

Fjölbreyttur tungumála- og menningarbakgrunnur

Allir starfsmenn hafa verið virkir í að setja orð á hluti og athafnir og gefa sér tíma til spjalla við börnin með 10. mín. regluna bak við eyrað. Á deildarfundum höfum við sett okkur markmið og rætt hvaða börn þarf sérstaklega að einblína á hverju sinni. Við leggjum áherslu á að börnunum líði vel og upplifi sig örugg til að tjá sig. Mættum vera duglegri að skrá niður.



Við lesum á hverjum degi fyrir öll börn, höfum rýnt í barnahópin og reynt að skipta þeim eftir því hvar þau eru stödd hverju sinni. Börn sem hafa þurft að auka orðaforða hafa fengið auka stundir í málörvun þegar því hefur verið við komið. Reglulega kemur starfsmaður á leikskólanum og tekur tvítyngdu börnin og þau börn sem eru nýkomin í íslenskt umhverfi í einkastundir utan deildar. Allt hefur þetta eflt börnin.



Tækifæri til úrbóta: Þrátt fyrir að við höfum verið meðvituð um að nota 10 mínútu regluna og ákveðið hvaða börn skal efla hverju sinni höfum við ekki verið nógu dugleg að skrá niður hvenær við tölum við eða lesum fyrir börnin eða framfarir. Eins var talsvert rætt um tákn með tali í kringum áramótin og byrjuðum við aðeins að nota það í upphafi árs 2023 en svo datt það svolítið upp fyrir. Þetta eru verkefni næsta skólaárs. Betri skráning og að skipuleggja tákn með tali og setja það meira inn í daglegt starf.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Íslenska sem annað mál.	Að efla skráningar varðandi 10 mínútna reglu og innleiða tákn með tali með markvissum hætti	Setja skýrt fram á deildarfundum hverjir þurfi mest á þessu að halda. Gera skráningarblöð sem deildarstjóri fylgist með að allir noti.	Allir á deild en deildarstjóri sér til þess að þessu sé framfylgt og á deildarfundum verður einn valinn til að halda utan um tákn með tali.	Sep t.20 24	Maí 202 5	Á deildarfundum hálfsmánaðarlega	Að börn með íslensku sem annað mál fái sem allra mest út úr starfi deildar og leikskóla á faglegum grunni.

2.8 Dvergaland

Í upphafi skólaárs voru 26 börn á Dvergalandi. 20 börn fædd árið 2019 og 6 börn fædd árið 2020. Í vetur hættu tvo börn fædd 2019 og einn barn 2020 bættist í hópinn. Í lok skólaársins erum við með 25 börn, 18 börn fædd 2019 og 7 börn fædd 2020.

Læsi

Á Dvergalandi erum við með nokkrar samverur á hverjum degi með öllum börnunum á deildinni. Fljótlega eftir morgunmatinn erum við með morgunfund þar sem farið er yfir dagskipulag deildarinnar, hvernig veðrið er og hvernig við eigum að klæða okkur þann daginn. Á morgunfundinum förum við líka yfir þulu mánaðarins.

Fyrir hádegismatinn erum við með samveru fyrir öll börnin og er börnunum skipt í tvo hópa. Í samverunni erum við að lesa, syngja og fara í ýmsa málörvunarleiki.

Eftir hádegismatinn fara öll börnin í lesstund, þar skiptum við börnunum í minni hópa. Í lesstundunum erum við að lesa sögur fyrir börnin, og veljum við sögur sem henta hverjum hóp fyrir sig.

Flæðilestur hefur verið að festa sig í sessi í Langholti. Búið er að útbúa bókakassa sem fara á milli deilda, deildir með sama aldur skipta kössunum á milli sín og skiptum við um kassa mánaðarlega. Markmiðið með þessu er að auka lestur fyrir börnin og fylgjast með því að allir fái jöfn tækifæri á að láta lesa fyrir sig. Við nýtum bækurnar úr kassanum til að lesa fyrir börnin, við vorum ekki nógu dugleg að merkja við fyrir hvaða börn var lesið en við bættum úr því þegar leið á veturinn og merktum við fyrir hvaða börn var lesið. Næsta vetur þurfum við að taka skráninguna fastari tökum og byrja strax að merkja við þau börn sem lesið er fyrir.

Bækur eru aðgengilegar á deildinni fyrir börnin, þær eru í bókahillu þar sem börnin geta nálgast þær þegar þau vilja. Börnin hafa líka verið að koma með bækur að heiman sem við lesum fyrir þau m.a. í samverustund.



Í vetur hefur yngri hópurinn farið einu sinni í mánuði í sögustund á Sólheimasafnið, með jafnöldrum sínum á Furðulandi. Á bókasafninu eru lesnar sögur fyrir börnin. Eftir sögustundina fá þau að skoða bækur og leika með leikefni sem er á safninu. Við fáum bækur lánaðar á bókasafninu sem við lesum fyrir þau í samveru og lesstundum.



Við erum meðvituð um að setja orð á athafnir hjá okkur í öllu daglegu starfi hjá okkur, þar með erum við góðar málfyrirmyndir fyrir börnin á deildinni.

Bók- og tölustafir eru sýnilegir í hæð barnanna á deildinni sem þau skoða mikið. Við höfum merkt ýmsa hluti á deildinni með orðum. Ritmálið er því nokkuð sýnilegt fyrir börnin. Börnin eru flest farin að skrifa nafnið sitt og sýna stöfum og ritmáli mikinn áhuga, við erum með spjöld með nöfnunum þeirra og ýmsum orðum sem þau geta fengið til að herma eftir.



Eldri börnin hafa verið með framsögn í vetur. Þau koma með hlut að heiman og segja börnunum frá hlutnum, eftir það hefur verið gefinn tími fyrir spurningar. Börnin sem eru með framsögnina æfa sig í að tala fyrir framan hóp á meðan hinir æfa sig í að hlusta. Við gerum skráningu sem fer svo í ferilmöppu.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð. Börnin lærðu lög og texta eftir Braga Valdimar Skúlason frá því í janúar og fóru á æfingu í Tónskóla Sigursveins í mars. Þau fluttu svo lögin í apríl í Eldborgarsal Hörpu. Það gekk mjög vel og vorum við ótrúlega stolt af börnunum.



Lubbabein eru notuð í kaffitímanum hjá okkur, við bjóðum börnunum í kaffitíma með lubbabeini með nafninu þeirra á og eru þau orðin mjög dugleg að þekkja nöfnin sín og annarra barna á deildinni.



Öll yngri börnin fengu Lubba litla í heimsókn eina helgi í vetur og sögðu frá heimsókninni í samveru, einnig komu þau með hlut að heiman sem byrjaði á fyrsta stafnum í nafninu þeirra.

Tækifæri til umbóta: Við erum nokkuð ánægð með hvernig til tókst hjá okkur með markmiðin sem við settum okkur varðandi læsi. Börnin fengu lestur amk einu sinni á dag og suma daga oftár.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flæðilestur	Við stefnum á að hafa flæðilesturinn markvissari en hann var í vetur	Byrja strax að hausti að skrá fyrir hvaða börn er lesið	Starfsfólk deildarinnar	September	júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn	Að öll börnin fái lestrarstund reglulega yfir veturinn og að þau sæki meira í að láta lesa fyrir sig

Útinám

Útinámið á elstu deild hefur verið öðruvísi háttað í vetur en á öðrum deildum leikskólans þar sem meira er um ferðir utan leikskólans, t.d. í leikhús, tónleika, á söfn o.fl, og er það hluti af útinámi elstu barnanna. Farið var í útinám reglulega yfir skólaárið.

Markmiðið með útinámi er að veita börnunum tækifæri til þess að njóta sín í útveru og kynnst nærumhverfi leikskólans og ýmsu öðru sem Reykjavík hefur upp á að bjóða. Í útinámi er lögð áhersla á að öll innlögn sé skemmtileg, fari fram í gegnum leik og að börnin fái tækifæri til þess að njóta sín alfarið í sjálfsprottnum leik. Það voru gerðar skráningar með myndum úr útináminu og gerðu börnin ýmis verkefni og úrvinnslur eftir ferðirnar.

Reglulega yfir skólaárið var elstu börnum leikskólans boðið á ýmsar sýningar og upplifanir. Við fórum meðal annars í Hörpuna að hlusta á útfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands á bókinni Ástarsaga úr fjöllumum eftir Guðrúnu Helgadóttur. Hópurinn fór á sýninguna „Ég get“ í



Þjóðleikhúsinu sem er leikræn sýningu um það sem er mitt, þitt og okkar ásamt því að fara í spennandi upplifunarferð



um sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* á Náttúruminjasafn

Íslands í Perlunni. Þar



fengu börnin tækifæri á að kynnst mismunandi

birtingarmyndum vatns, meðal annars með því að hlusta, snerta, sulta og skoða lífverur sem búa í vatninu. Í desember hefur verið hefð fyrir því að fara í Kaffi Flóru þar sem við höfum átt jólalega stund saman. Einnig var farið í útskriftarferð í Lækjarbotna þar sem meðal annars var farið í fjallgöngu, fjársjóðsleit, sultað í læk og grillaðar pylsur.

Gott samstarf er við grunnskólanna í hverfinu og fórum við meðal annars í söngstund í Vogaskóla þar sem við sungum nokkur skemmtileg lög með hópnum, í söngstund í Langholtsskóla á degi íslenskrar tungu og á Lúsíuhátíð í Vogaskóla. Fljótlega eftir áramót var börnunum boðið að koma í heimsókn inn í kennslustund í þann grunnskóla sem þau fara í á næsta skólaári.

Yngri hópurinn valdi sér tré í Laugardalnum í upphafi skólaárs til að fylgjast með í vetur, þær ferðir gengu vel og voru markvissar framan af vetri en þegar líða fór á veturinn þá fækkaði ferðunum í Laugadalinn. Þegar það fór að vora þá tók við annað verkefni sem kom í staðinn fyrir útinámið en það eru heimilisheimsóknir.



Þá fórum við í göngutúr um hverfið okkar og skoðum heimili barnanna á deildinni. Hvert barn fær mynd af sér við útidyrhurðina sína og fær svo að taka mynd af einhverju við heimilið sitt sem því þykir áhugavert. Á milli ferða vinnum við verkefni tengd heimilum þeirra. Markmiðið með þessum ferðum er að tengja saman tvo mikilvæga staði í lífi barnsins, heimilið og leikskólann. Við hengjum svo upp kort af hverfinu okkar, setjum á það myndir af börnunum við heimilið sitt og helstu kennileiti í hverfinu sem þau tengja við.

Tækifæri til úrbóta: Tekin var ákvörðun um það í upphafi skólaársins að aðrar ferðir elstu barnanna yrði hluti að útináminu til þess að auka rými fyrir sjálfsprottinn leik í daglegu skipulagi. Þrátt fyrir að það hafi vantað upp markvissar útinámsferðir í nærumhverfi leikskólans eru elstu börnin búin að gera og upplifa ótrúlega margt í vetur.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Úrvinnsla úr ferðum	Við stefnum að því að hafa úrvinnsluna úr útináminu markvissari	Ákveða fyrirfram hvaða verkefni við ætlum að gera í tengslum við ferðirnar okkar	Starfsfólk deildarinnar	September	júní	Starfsfólk deildarinnar ræðir saman á deildarfundum reglulega yfir veturinn	Með úrvinnslu úr útináminu eru meiri líkur á því að ferðin verði minnisstæðari fyrir börnin og umræður skapast í hópnum um hana.

Íslenska sem annað mál

Í vetur vorum við með nokkur börn á deildinni hjá okkur sem eru með fleiri en eitt tungumál. Þau börn hafa fengið góðar málörvunarstundir hjá starfsmanni í leikskólanum sem kemur reglulega á deildina og tekur þau í markvissa málörvun. Þessi börn eru tekin í litlum hópum og einnig ein. Þessar stundir hafa gefist mjög vel og eru börnin ávallt til í að fara í þessar stundir og taka virkan þátt. Í daglega starfinu hjá okkur leggjum áherslu á að leggja orð á allar athafnir í samskiptum við þessi börn, einföld og skýr skilaboð. Við veljum bækur sem henta börnunum, einfaldur texti og ræðum um það sem við höfum verið að lesa. Í lestrarhópnum erum við að kanna skilning þeirra og gera það sem við getum til að auka orðaforða þeirra.





Tækifæri til úrbóta:

Við erum meðvituð um 10 mínútna regluna, við ræðum um það reglulega á deildarfundum.

Við teljum okkur veita þessum börnum næga athygli og örvun í starfinu okkar en höfum ekki náð að gera það markvisst með skráningu, það þurfum við að bæta.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
10 mín reglan	Að festa 10 mínútna regluna í sessi	Gera skráninguna skilvirkari	Starfsfólk deildarinnar	September	júní	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skrárningarblöð sem fyllt hafa verið út	Að barnið/börnin verði virkari í barnahópnum og öryggi þeirra og málþroski eykst





Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

3 Umbótaáætlun 2024-2025 (takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt)

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2024-2025

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Tveir sérkennslustjórar voru í Langholti fram til nóvember 2024. Eftir það var einn sérkennslustjóri starfandi í Langholti. Áfram var unnið í sérkennsluteymi sem skipti á milli sín þjálfun barnanna. Sjö börn voru í 1. flokki og nokkur í snemmtækri íhlutun. Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir öll þau börn sem þess þurftu. Sérkennslustjóri sinnti sérkennslu einstakra barna en þó aðallega ef það vantaði starfsmenn til að vera með umsjón. Sérkennslustjóri var reglulega inni á deildum og tóku þátt í starfi með starfsfólki og börnum. Lögð var áhersla á að allt starfsfólk leikskólans tæki þátt í vinnu með þeim börnum sem þurftu á sérkennslu að halda og hjálpuðu þeim að vera fullgildir meðlimir í öllu starfi skólans. Unnið var mikið með börn inni á deildum en sum börn áttu erfitt með að læra í barnahópnum og fóru því í einstaklingsstundir. Skráningar vinnustunda voru mismunandi en samantektir voru gerðar reglulega. Sumir skráðu á eyðublöð en aðrir í stílabækur.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Matsgögn sem notuð voru í vetur voru TRAS, AEPS I og II, EFI-2, Orðaskil og Hljóm-2. Einnig fengu foreldrar heim Smábarnalistann og Íslenska Þroskalistann.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Lubbi finnur málbein, PECS, Lærum og leikum með hljóðin, Málhljóðakassinn, ýmis borðspil, búin voru til verkefni úr hugmyndafræðinni





	Skipulögð kennsla, sem heitir The processing program 2nd edition frá Super duper.
--	---

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sérkennsluteymi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Myndun sérkennsluteymis – hefur verið gert en ekki haldist vel og ekki nógu margir í teyminu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hittast reglulega til að veita stuðning og fræðslu
Ábyrgð	Sérkennslustjóri & leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Haldnir reglulegir fundir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að fundir nái að vera reglulegi

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	EFI-2





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hægt að grípa börn snemma sem sýna frávik í málþroska.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	EFI- 2 lagt fyrir öll börn á aldrinum 3,1 – 3,10 sem við teljum þörf á að fari í EFI-2 eða þá þegar talmeinafræðingur biður um þessa niðurstöðu
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október -júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Að hægt sé að taka öll börn í prófið. Á aldrinum 3-4 ára.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að deildarstjórar og sérkennslustjóri grípi þau börn sem koma illa út og veiti þeim auka málörvun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	TRAS
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylgjast betur með að tras sé útfyllt fyrir öll börn á öllum deildum á 6 mánaða fresti
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Sérkennslustjóri minnir deildarstjóra á
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Fundir til að minna á þessa vinnu og eftirfylgni sérkennslustjóra





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að Tras sé útfyllt fyrir öll börn og deildarstjórar fari á Tras námskeið





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2024-2025

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðinn var verkefnastjóri fjölmenningar sem sá um skipulagðar málörvunarstundir með áherslu á máltjáningu og málskilning.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Í leikskólanum er lögð áhersla á að setja orð á allar athafnir og hluti ásamt því að endurtaka leiðrétt. Á öllum deildum eru bókakassar (smábókasöfn) til þess að tryggja að léttlesnar barnabækur séu aðgengilegar og sýnilegar á fyrir börn og starfsmenn. Bókakassarnir innihalda léttlestrabækur sem eru sérstaklega ætlaðar börnum með fleiri en eitt tungumál (sem og öðrum börnum). Markmiðið með smábókasafninu er að styðja við málþroska barna og að starfsmenn nýti bækurnar til þess að lesa fyrir börn einstaklingslega eða í litlum hópum. Bækurnar eru sérstaklega hugsaðar til þess að auka orðaforða, skilning og tjáningu. Í leikskólanum er mikið unnið með Lubbi finnur málbein og tákn með tali. Einnig er unnið með Gefðu 10 en þörf er á að bæta skráningu til þess að halda utan um framfarir barna.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Verkefnastjóri fjölmenningar var með skipulagaða málörvun fyrir börn á tveimur elstu deildunum. Börnin komu í málörvunarstundir, bæði einstaklingslega eða í litlum hópum, 2-5x í viku eða eftir þörfum. Í þessum stundum var lögð áhersla á að auka orðaforða, dýpa skilning og efla tjáningu. Einnig var mikið unnið með hljóðkerfisvitund. Málörvun fór fram á fjölbreyttan hátt sem og í gegnum kennslufræðilegan leik. Skipulögð málörvun fór einnig fram á öllum deildum. Bókakassarnir voru nýttir til þess að efla málvitund og málþroska hjá börnunum. Í öllu daglegu starfi eru starfsmenn meðvitaðir um að setja orð á allar athafnir og hluti ásamt því að endurtaka leiðrétt.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við skipulagningu málörvunar notaði verkefnastjóri fjölmenningar meðal annars hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og TRAS ásamt því að vera í góðu samstarfi við deildarstjóra. Unnið var með 3-4 þætti í ákveðinn tíma (6-8 vikur) og í kjölfarið metið hvort að hæfni hafi verið náð eða hvort





	að þörf væri á frekari þjálfun. Verkefnastjóri hélt utan um þá skráningu.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í Langholti er hugað að þáttum læsisstefnu leikskóla og mikil áhersla lögð á læsi. Lesið er fyrir öll börn daglega, bæði einstaklingslega og í litlum hópum. Starfsmenn setja orða á athafnir og hluti ásamt því að notast við myndir og sjónrænt skipulag til útskýringar fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. Í leikskólanum hefur verið unnið með TMT í nokkur ár og hefur PECS verið notað í ákveðnum tilfellum með börnum sem eiga erfitt með tjáningu. Eftir því sem börnin verða eldri er unnið með máltjáningu og frásagnarhæfni á markvissari hátt, t.d. þegar Lubbi fer heim með börnunum og framsögn elstu barnanna. Á öllum deildum er unnið með hljóðkerfisvitund eftir aldri og lögð áhersla á samfelli á milli deilda. Ritmál er sýnilegt á öllum deildum og eru börn á elstu deildunum hvött til að æfa skrift eftir fyrirmynd eða sporun.

Umbótaáætlun –fjölgtyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Teymisvinna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Meiri samvinna við deildir ásamt því að auka þátttöku annarra starfsmanna í málörvun. Að starfsmenn geti tekið þátt í umræðu og fái markvissa fræðslu hvernig hægt sé að mæta börnum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Tengiliður á hverri deild
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Reglulegir fundir yfir skólaárið þar sem starfsmenn fá tækifæri til þess að ræða sína á milli.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Á öllum deildum eru teymisfulltrúar sem eru tengiliðir verkefnastjóra





stuðst er við til að meta hvernig
tókst að ná markmiði

Deild/aldur barna

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Gefðu 10
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka samtal og samskipti við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og að starfsmenn séu meðvitaðari um skráningu 10 mín reglunar
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með því að eiga frumkvæði að samskiptum við barnið, skapa námstækifæri í daglegu starfi ásamt því að leggja meðvitað orð á allar athafnir og hluti.
Ábyrgð	Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmennningar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk ræðir saman á deildarfundum og fer yfir skráningarblöð sem fyllt hafa verið út.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að barnið/börnin verði öruggara í félagslegum samskiptum og að málþroski þeirra og málvitund hafi aukist. Að starfsmenn séu meðvitaðari um stöðu barna í íslensku málumhverfi

Deild/aldur barna

Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæfnirammur (Hæfnirammarnir skiptast í fjögur hæfnisvið: Tjáningarfærni, hlustunarskilning, hljóðkerfisvitund og læsi)
---	--





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að styðja við þróun á mikilvægum færnipáttum og hæfni sem börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn þurfa að tileinka sér í íslensku.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að nýta hæfnirammanna til þess að styðja við börn með FTM og fylgjast með framförum þeirra í íslensku
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Taka þarf mið af hverju barni út frá því hversu lengið það hefur verið í íslensku málumhverfi. Fylgja þarf viðmiðum hæfnirammanna þegar metið er.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að hæfnirammur séu nýttir til þess að styðja við og mæta þörfum sérhvers barns á viðeigandi hátt, bæði í daglegu starfi sem og við skipulagningu markvissara málörvunarstunda.

6 Áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn.

- Áhersla lögð á náttúrulega kennslu út frá ráðgjöf sem við höfum fengið frá Hegðunarráðgjafa í Norðurmiðstöð. Snemmtæk íhlutun þar sem unnið er með barnið í leik.
- Innleiðing Reggio Emilia í samvinnu með Björtuhlíð, Vinagerði og Sunnuási.
- Námsskárvinna þar sem allir starfsmenn, börn og foreldrar koma að.
- Skyndihjálparnámskeið.
- Jákvæð sálfræði - viðhorf

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Haustönn	Vorönn
25. ágúst 2025	2. janúar 2026
26. september 2025	16. mars 2026
28. nóvember 2025	8. maí 2026

8 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal





F. h. leikskólans Langholts

Sigrún Bragadóttir

Leikskólastjóri





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Langholt

OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagar	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskóla	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómannadagurinn	7 Þ	
8 M		8 L	Barattudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F	Skipulagsdagur	8 M		8 M	Sumarlokun
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Sumarlokun
10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F	Sumarlokun
11 L	Fæðingardagur forseta Íslands	11 Þ		11 F	Jólaball	11 S		11 M	Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	Sumarlokun
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinn	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	Sumarlokun
15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	Sumarlokun
16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M	Skipulagsd. Sameiginl.	16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarlokun
17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumarlokun
18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 S		19 M		19 F	Rauðurdagur	19 M		19 F	Skráningardagar	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 F	Dagur mannréttinda	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagar	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	Sumarlokun
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarlokun
22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf	22 S		22 M		22 F	Grænn dagur	22 M		22 M	Sumarlokun
23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagskaffi	23 M	Konudagskaffi	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarlokun
24 F	Skráningardagar	24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumarlokun
25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnudag	25 F		25 L	
26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M	Skráningardagar	27 F		27 L		27 Þ		27 F		27 F	Gulur dagur	27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarlokun
28 Þ	Skráningardagar	28 F	Skipulagsd. Sameiginl.	28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarlokun
29 M		29 L		29 M	Skráningardagar	29 F				29 S	Pálmasunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	Sumarlokun
30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagar	30 F				30 M	Skráningardagar	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarlokun
31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagar			31 S				31 F	Sumarlokun